

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt  
Skrifstofa skipul. og bygg.sv.  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður



Reykjavík 6. ágúst 2015  
UST201507-023/K.S.J.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðar við Stekkjarberg í Hafnarfirði**

Vísað er til tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðar nr. 9 við Stekkjarberg sem hefur borist stofnuninni. Þar sem ofangreind tillaga að deiliskipulagi lóðar við Stekkjarberg hefur lóðarmörk er liggja að friðlýstu svæði þ.e. fólkvanginum Stekkjarhrauni, sendir Umhverfisstofnun hér með umsögn um deiliskipulagstillöguna.

### **Fólkvangurinn Stekkjarhraun í Hafnarfirði**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið Stekkjarhraun var friðlýst sem fólkvangur árið 2009. Stekkjarhraunsfólkvangur er alls 15,8 ha og er hnitsettur uppdráttur af svæðinu á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á að í ofangreindri tillögu að deiliskipulagi segir að Stekkjarhraun sé skipulagt sem útivistarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram í deiliskipulagstillögunni að svæðið er friðlýst sem fólkvangur. Eins og fram kemur í auglýsingu um stofnun fólkvangs í Stekkjarhrauni í Hafnarfirði er m.a. markmið með friðlýsingunni að vernda útivistarsvæði í fögru hraunumhverfi þar sem jafnframt er athyglisvert gróðurlendi og sérstakar menningarminjar. Að mati Umhverfisstofnunar þarf í deiliskipulagstillögunni að hnitsetja lóðarmörk lóðarinnar Stekkjarberg 9 er snúa að friðlýsta svæðinu svo tryggt sé að ekki sé farið inn á friðlýst svæði.

### **Sérstök vernd**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta hraunmyndanir þær sem eru á ofangreindu deiliskipulagstillögunum sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra ef þess er nokkur kostur. Að mati Umhverfisstofnunar skal forðast að raska hraunmyndunum á lóðinni ef kostur er og skipuleggja byggð á svæðinu í samræmi við það. Á mynd af áætluðum byggingum á svæðinu á deiliskipulagstillögunni er lóðin að stórum hluta sýnd sléttuð og tyrft. Að mati Umhverfisstofnunar er mjög miður ef áætlanir gera ráð fyrir svo miklu raski og myndi slíkt hafa neikvæð sjónræn áhrif á friðlýst fólkvangssvæðið og rýra að líkindum útivistargildi þess.


## Áhrif á ásýnd friðlýsts svæðis fólkvangsins Stekkjarhraun


Að mati Umhverfisstofnunar munu þriggja hæða raðhús hafa sjónræn áhrif í för með sér séð frá fólkvanginum og hafa þar með áhrif á útivistargildi hans, en verndargildi slíkra svæða felur í sér náttúruupplifun og möguleika til útivistar.

### Niðurstaða

Samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu er áætluð mikil breyting á lóðinni Stekkjarberg 9, þar sem áætlað er að 13 þriggja hæða raðhús rísi þar sem áður var áætlað sérbýlishús og raska þar með eldhrauni er nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að hnit lóðamarka er snúa að friðlýstu svæði, fólkvanginum Stekkjarbergi séu sýnd svo tryggja megi að framkvæmdasvæði fari ekki inn á friðlýsta svæðið. Áætluð uppbygging mun hafa í för með sér neikvæð sjónræn áhrif á fólkvang og að líkindum hafa áhrif á útivistargildi hans. Gæta þarf þess að friðlýstu svæði sé ekki raskað með framkvæmdum á lóðinni Stekkjarberg 9.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Afrit:  
Hanna Björk Ragnarsdóttir  
Stekkarbergi 7  
221 Hafnarfjörður